



Skoðun Sjávarklasans

17. ágúst 2012

Góðir varnarsigrar hjá tæknifyrirtækjum í sjávarklasnum:

5-10% veltuaukning á árinu 2012

Velta íslenskra tæknifyrirtækja í sjávarklasnum jókst um 10-15% á árinu 2011 og gert er ráð fyrir 5-10% veltuaukningu á árinu 2012 og fjölgun starfsmanna um 50-60 manns. Aukinn útflutningur skýrir bróðurpart veltuaukningar fyrirtækjanna og þau fyrirtæki sem hafa eftir markaðssókn erlendis, þá sérstaklega stærri tæknifyrirtækin, auka veltu sína mest. Þó eru ýmis nýsköpunarfyrirtæki sem einnig hafa vaxið hratt í klasanum. Horfur eru góðar í greininni en þó eru blikur á lofti vegna áframhaldandi óvissu um stjórnun fiskveiða hérlendis og stöðu efnahagslífs í helstu viðskiptalöndum.

Í ágústmánuði 2011 gerði Íslenski sjávarklasinn athugun á veltu tæknifyrirtækja sem tengjast hafinu. Þau fyrirtæki sem skoðuð voru eiga það sammerkt að stunda útflutning á tæknibúnaði undir eigin vörumerki og eru rösklega 60 slík tæknifyrirtæki á Íslandi. Í þeirri athugun kom fram að fyrirtækin gerðu ráð fyrir að meðaltali um 10-15% aukningu á veltu á milli ára. Mest var aukningin í útflutningi en nokkurs samdráttar virtist hafa gætt í sölu innanlands. Þau fyrirtæki sem höfðu mest aukið útflutning virtust sammælast um að stöðnun ríkti á innanlandsmarkaði.

Í júlímánuði á þessu ári var að nýju haft samband við hóp forsvarsmanna tæknifyrirtækja í þessum geira. Niðurstöður þeirrar athugunar leiða í ljós að:

- sá vöxtur sem fyrirtækin væntu á árinu 2011, 10-15%, virðist hafa orðið að veruleika.
- þótt útflutningur skýri veltuaukninguna að mestu hefur innanlandsmarkaður tekið við sér á þessu ári. Raunar lýstu nokkur fyrirtæki því yfir að bróðurpart veltuaukningar þeirra á þessu ári megi rekja aukinnar spurnar á innanlandsmarkaði.
- flestir forsvarsmanna þeirra fyrirtækja sem rætt var við gera ráð fyrir 5-10% veltuaukningu á árinu 2012.

- stærri fyrirtæki og rótgróin í tæknigeiranum hafa vaxið umtalsvert hraðar en mörg þau minni. Þessi fyrirtæki hafa vaxið hvað mest vegna aukins útflutnings og öflugs erlends markaðsstarfs. Þó eru einnig nokkur dæmi um umtalsverða aukningu veltu hjá nýsköpunarfyrirtækjum í greininni.
- styrkur Marels í alþjóðlegri matvælatækni hefur skilað sér í veltuaukningu annarra tækni- og málmiðnaðarfyrirtækja hérlendis en Marel hefur aukið samstarf við innlend tæknifyrirtæki og þróun og framleiðslu tæknibúnaðar.
- samhliða veltuaukningu hefur starfsfólki tæknifyrirtækja fjölgað. Ekki fengust nákvæmar tölur um þá fjölgun en mörg fyrirtæki lýstu því yfir að þau hefðu bætt við sig 1 eða fleiri starfsmönnum. Þá hafa stærstu fyrirtækin aukið starfsmannafjölda sinn mun meira. Því má reikna með að tæknifyrirtæki hafi fjölgað starfsmönnum um 50-60 á síðustu 12 mánuðum.

Íslensk tæknifyrirtæki í haftengdum greinum hafa unnið varnarsigra á erfiðum tímum. Útflutningsmarkaður er óhjákvæmilega mikilvægasti markaður tæknifyrirtækja innan sjávarklasans þegar aðeins er litið til veltuhlutfalls. Þetta stafar ekki síst af því hversu mikið stærri sá markaður er en sá innlendi og þeim mikla fjölda tækifæra sem í honum felast. Þó má ekki gleyma þeim samkeppnislegu yfirburðum sem umhverfi íslenskra tæknifyrirtækja skapar. Hátt menntunarstig þjóðarinnar, mikil reynsla í sjávarútvegi og ekki síst mikil nálægð og samvinna innan sjávarklasans gera íslenskum tæknifyrirtækjunum kleift að þróa mun betri lausnir en áður. Því er mikilvægt að vanmeta ekki mikilvægi innlends markaðs og ónýtt tækifæri sem hann kann enn að bjóða upp á.

Horfur virðast góðar í tæknigreinum sjávarklasans en þó eru blikur lofti. Á innanlandsmarkaði ríkir að sögn forsvarsmanna tæknifyrirtækjanna mikil óvissa um stjórnun fiskveiða og óvissa er í efnahagsmálum margra þeirra ríkja sem íslensk tæknifyrirtæki hafa selt vörur sínar til.

Áhyggjuefni er að enn skuli fá ný fyrirtæki sett á laggirnar í tæknigreinum sem tengjast hafinu. Frá árinu 2010 má telja nýstofnuð tæknifyrirtæki á fingrum annarrar handar. Þótt velta þeirra tæknifyrirtækja sem fyrir eru aukist þá ber að skoða hver sé möguleg ástæða þess að fá ný fyrirtæki eru stofnuð á þessu sviði. Neikvæð umræða um sjávarútveginn spilar þar ugglaut inn í.

Nánari upplýsingar veitir Haukur Már Gestsson, hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasnum í síma 867-8786 eða á netfanginu haukur@sjavarklasinn.is.

Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur að markmiði að efla samstarf um haftengda starfsemi á Íslandi og kynna þau tækifæri sem margháttað starfsemi sjávarklasans getur falið í sér.